



SKJALAVER
HÖFÐATORGI

08. APR. 2019

Málsnr.: *USK 2019-04-0034*
Bréfalykill: *5.29*

Reykjavík, 4. apríl 2019
R19040028
bp

Skipulags- og samgönguráð

Borgartúni 12 - 14
105 REYKJAVÍK

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um deilisamgöngur

Á fundi borgarstjórnar þann 2. apríl 2019 var svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna samþykkt með 21 atkvæði Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata, Vinstri grænna og Flokks fólksins gegn einu atkvæði borgarfulltrúa Miðflokksins.

1. Reykjavíkurborg skorar á ráðherra að fella burt takmarkanir á hámarksfjölda umhverfisvænna leigubíla á höfuðborgarsvæðinu. 2. Reykjavíkurborg lýsir því yfir að þeir aðilar sem hyggjast bjóða upp á leigu á reiðhjólum og léttum rafknúnum farartækjum séu velkomnir til Reykjavíkur. Umhverfis- og skipulagssviði er falið að fylgjast með þróun mála og gera, eftir þörfum, tillögur að reglum fyrir slíka starfsemi til að tryggja gæði og stýringu. 3. Unnið skal að því á vettvangi skipulags- og samgönguráðs að uppfæra reglur um bílastæðafriðindi visthæfra deilibíla til að styðja við notkun þeirra.

Það tilkynnist hér með.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands sat hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg á að vera opin fyrir nýjungum í samgögnum. Með tillögunni er lagt til að afnumið verði þak á fjölda visthæfra leigubíla, að farið verði í aðgerðir til að styðja við notkun deilibíla og að borgin lýsi því yfir að hún taki þeim sem hyggjast leigja út hjól eða lítil rafknúin farartæki fagnandi. Allt eru þetta aðgerðir sem styðja við fjölbreyttar ferðavenjur og búa til valkosti fyrir þá sem vilja oftara fara ferða sinna öðruvísi en á eigin bíl.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Líkt og fram kemur með skýrum hætti í landsfundarályktun Sjálfstæðisflokks, leggja fulltrúar flokksins áherslu á tryggan starfsgrundvöll og betri nýtingu deiliahagkerfis í samgöngum, líkt og fyrri tillögur flokksins hafa undirstrikað. Á þessum nótum megi einnig yta enn frekar undir betri nýtingu bíla, með auknu samfloti. Eins kemur fram í landsfundarályktun að nýta skuli vistvæna orkugjafa enn frekar í samgöngum og fylgjast vel með tækniframförum og þróun á sviði samgangna. Þá sé tímabært að afnema samkeppnishömlur á leigubifreiðamarkaði svo aukinn sveigjanleiki fái stíð í þjónustuframboði, verðmyndun og nýsköpun. Samtímis megi vel tryggja hóflegar

kröfur um gæði og öryggi þjónustu.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalístaflokksins fagnar deilisamgöngum sem geta reynst jákvæð leið til að koma í veg fyrir mengun og umferð. Þessi tillaga gengur þó m.a. út á það að fella burt takmarkanir á hámarksfjölda leigubifreiða á höfuðborgarsvæðinu. Á meðan það liggur ekki fyrir hvort þörf sé á því hefur fulltrúi Sósíalístaflokksins áhyggjur af því að slíkt geti haft slæm áhrif á lífsviðurværi þeirra sem nú starfa sem leigubílstjórar. Áður en farið er í slíkar viðamiklar breytingar er mikilvægt að kalla eftir upplýsingum um hvort það sé þörf á fjölgun leigubíla og hvernig slíkt muni hafa áhrif á starfandi leigubílstjóra. Í staðinn telur fulltrúi Sósíalístaflokksins að það eigi að aðstoða núverandi leigubifreiðastjóra við að komast á vistvæna bíla. Það er mat fulltrúa Sósíalístaflokksins að stjórnvöld ættu að vinna að því að flýta fyrir slíkum orkuskiptum í bifreiðum. Tillagan felur einnig í sér að Reykjavíkurborg styðji og vinni með fyrirtækjum og frumkvöðlum sem hafi áhuga á að bjóða upp á leigu á reiðhjólum og léttum rafknúnum farartækjum. Fulltrúi Sósíalístaflokksins styður slíkar almenningssamgöngur en finnst mikilvægt að reksturinn verði félagslegur en verði ekki komið í hendur þeirra sem eru með hagnaðarsjónarmið að markmiði. Reykjavíkurborg gæti t.d. séð beint um utanumhaldið og útleiguna.

Borgarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Miðflokkurinn er í fararbroddi umhverfis- og auðlindamála en borgarfulltrúi flokksins leggst alfarið gegn þessum tillögum. Hér gerir meirihlutinn enn á ný aðför að fjölskyldubílum. Sú stefna er meira í ætt við þráhyggju og forræðishyggju og á ekkert skylt við deilisamgöngur. Fram kemur í markmiðum tillagnanna að þær eigi að ýta undir ýmsa fjölbreytta ferðamáta, sem allir eigi það sameiginlegt að vera einstaklingmiðaðir en um leið auðvelda fólki að komast leiðar sinnar öðruvísi en á eigin bíl. Þetta er lélegur grímubúningur andstöðunnar við fjölskyldubílinn. Fólk verður að hafa frelsi til að nota þann samgöngumáta sem það vill og það er afturför til síðustu aldar að setja svo íþyngjandi reglur fyrir borgarana. Borgarfulltrúa Miðflokksins er það til efs að ferða- og atvinnufrelsi megi skerða á þann hátt sem hér er lagt til. Markaðurinn leysir þessar tillögur sem hér liggja fyrir sjálfur án valdboðs meirihlutans í Reykjavík og er kominn langleiðina með það.



Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna

Samrit:

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Umhverfis- og skipalagssvið

Borgarstjórn
2. apríl 2019

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um deilisamgöngur

1. Reykjavíkurborg skorar á ráðherra að fella burt takmarkanir á hámarksfjölda umhverfissvænna leigubíla á höfuðborgarsvæðinu.
2. Reykjavíkurborg lýsir því yfir að þeir aðilar sem hyggjast bjóða upp á leigu á reiðhjólum og léttum rafknúnum farartækjum séu velkomnir til Reykjavíkur. Umhverfis- og skipulagssviði er falið að gera fylgjast með þróun mála og gera, eftir þörfum, tillögur að reglum fyrir slíka starfsemi til að tryggja gæði og stýringu.
3. Unnið skuli að því á vettvangi skipulags- og samgönguráðs að uppfæra reglur um bílastæðafirðindi visthæfra deilibíla til að styðja við notkun þeirra.

Greinargerð

Markmið tillögunnar er að ýta undir ýmsa fjölbreytta ferðamáta, sem allir eiga það sameiginlegt að vera einstaklingmiðaðir en um leið auðvelda fólki að komast leiðar sinnar öðruvísi en á eigin bíl. Mikil þróun er framundan í deilisamgöngum og þykir eðlilegt að borgin sé opin fyrir ýmsum valkostum þegar kemur að því að finna leiðir til að draga úr umferð einkabíla.

Lagðar eru til eftirfarandi aðgerðir:

1. Afnáam á hámarksfjölda umhverfissvænna leigubíla.

Lagt er til að borgin móti sér þá stefnu að þak á hámarksfjölda leigubifreiða á höfuðborgarsvæðinu, sem í dag er 580, verði afnumið þegar kemur að umhverfissvænum bifreiðum, þ.e.a.s. bifreiðum sem ekki notast við jarðefnaeldsneyti.

Vert er að nefna að árið 2017 gaf Eftirlitsstofnun EFTA út álit um að norskar reglur um leigubíla, sem eru áþekkar hinum íslensku, fælu í sér brot á reglum um innri markað. Fundið var að fjöldatakmörkunum, ógagnsærri úthlutun nýrra leyfa og kröfunni um aðild að leigubílastöð. (Sjá: <http://www.eftasurv.int/media/esa-docs/physical/791247.pdf>)

Hér er því lagt til að horfið verði frá þeim aðgangshindrunum sem í núverandi kerfi felast. Um leið er hvatt til að tækifærið sé nýtt til að hvetja til orkuskipta leigubílaflotans þannig að hámarkið gildi ekki fyrir rafmagnsbifreiðar.

2. Stefna um hjólaleigur og leigur á minni rafknúnum farartækjum

Mikil gróska er í mörgum borgum heims í málaflokki létttra rafvæddra samgöngutækja eða svokölluðum “micro-mobility” lausnum. Þar er um að ræða skammtímaleigur á reiðhjólum eða minni, oftast rafknúnum, farartækjum, á borð við rafhjól, skutlur og jafnvel minni bifreiðar. Þessar lausnir geta ýmist verið tengdar tilteknum stöðvum, það er að segja að skila þurfi farartækinu á tiltekinn stað eða „stöðvarlausar“ þannig að notendur leggi farartækjunum einfaldlega á leiðarenda.

Hvor leið fyrir sig hefur sína kosti og galla. Stöðvarlausnir kalla á fjárfestingar og að það að almennarýminu sé úthlutað til ákveðinna aðila. Stöðvarlausar lausnir geta verið sveigjanlegri, ákveðin hætta er á að gangstéttir og önnur almenningsrými fyllist af illa frágengnum

farartækjum. Hér gæti því verið nauðsynlegt að setja reglur um slíka starfsemi. Þar mætti til dæmis ávarpa eftirtalin atriði:

- Hvar og hvernig megi leggja farartækjunum.
- Tengiliði innan hvers fyrirtækis sem borgin eða almenningur eigi að hafa samband við ef farartæki veldur truflun.
- Eðlilegan viðbragðstíma vegna ábendinga.
- Hugsanlegt gjald fyrir hvert farartæki.

Lagt er til að Reykjavíkurborg styðji og vinni með fyrirtækjum og frumkvöðlum sem hafa áhuga á að koma slíkri þjónustu á fót. Það er mikilvægt fyrir höfuðborg landsins að ná að byggja upp sjálfbært samgöngukerfi og í slíku kerfi gegna deilipjónustur og rafvædd samgöngutæki lykilhlutverki. Lögð er áhersla á að í öllum þessum lausnum verði hugað að notendamiðaðri hönnun og samræmingu í gjaldröku, notandanum til þæginda.

3. Fjölgun vishæfra deilibíla

Þegar er starfandi a.m.k. eitt fyrirtæki sem býður upp á deilibílaþjónustu, þar sem fólk getur leigt bíl til skemmri tíma og ekið sjálft. Þó er ljóst að talsvert betur þurfi að gera til að aðgangur að slíkri þjónustu hafi sannarlega áhrif á fjölda einkabíla. Að auki ætti að gera meira til að hvetja til þess að deilibílar gangi ekki fyrir jarðefnaeldsneyti.

Ein leiðin gæti verið að veita vishæfum deilibílum meiri bílastæðafríðindi, í skammtíma- og/eða langtíma-stæði. Þess ber að geta að þegar eru í gildi reglur um að rafbílar, tengitvinnbílar og bílar sem ganga fyrir vetni eða metani fá að leggja frítt í allt að 90 mínútur. Hins vegar má vera ljóst að eftir því sem rafbílum fjölga mun þurfa að takmarka umrædd fríðindi frekar. Hins vegar væri hægt hugsa sé að fríðindi giltu áfram um vishæfa *deilibíla* til að stuðla að frekari notkun þeirra. Verklagsreglur Reykjavíkurborgar vegna stæða undir deilibíla í borgarlandi má finna hér: <https://reykjavik.is/deilibilar-i-borgarlandi>